

Fréttatilkynning til Kauphallar Íslands hf. um afkomu Verðbréfunar hf.

Þann 31. mars 2008 var aðalfundur Verðbréfunar hf. haldinn að Austurstræti 11, 101 Reykjavík, þar sem ársreikningur félagsins fyrir árið 2007 voru lagðir fram og samþykktir.

Lykiltölur úr ársreikningnum og kennitölur (í þús.kr.):

	2007	2006	2005	2004	2003
Fjármunatekjur	48.376	71.447	109.755	290.536	235.312
Fjármunagjöld	49.158	67.339	123.281	288.555	229.518
Rekstrargjöld.....	2.051	1.926	2.088	1.937	5.720
Afkoma (tap) fyrir skatta.....	(2.832)	2.181	(15.614)	44	74
Afkoma (tap) eftir skatta.....	(2.323)	1.788	(12.804)	36	61
Eigið fé í lok tímabils.....	8.499	10.821	862	13.666	14.630
Niðurstaða efnahagsreiknings.....	420.052	464.728	677.792	2.918.930	2.868.957
Fjárfestingar í áhættufjármunum.....	0	0	0	0	0
Afkoma (tap) fyrir skatta á hverja kr. nafnverðs	(0,2832)	0,2181	(1,5614)	0,0044	0,0074
Afkoma (tap) eftir skatta á hverja kr. nafnverðs	(0,2323)	0,1788	(1,2804)	0,0036	0,0061
Veltufjárhlutfall	94,89	509,71	5697,72	248,18	162,69

Umfjöllun um ársreikninginn og ákvarðanir stjórnar og hluthafa.

Stjórn og hluthafar samþykktu ársreikning Verðbréfunar fyrir árið 2007 á fundum sínum í nú lok mars 2008.

Starfsemin hjá Verðbréfun hf. hefur verið í lágmarki á árinu 2007. Fasteignamarkaður hefur verið að leita í jafnvægi og hefur dregið úr uppgreiðslu á lánum Verðbréfunar hf. Lánasafn Verðbréfunar hefur dregist lítillega saman á milli ára eða 8,3%. Úrdráttur skuldabréfa Verðbréfunar hf hefur verið í jafnvægi á árinu og hefur verið dregið út úr safnbrefaflokki í samræmi við inngreiðslur lána. Áætlanir gera ráð fyrir óbreyttum rekstri á árinu 2008. Rekstrarhagnaður Verðbréfunar hf. vegna ársins 2007 var neikvæður um 2,8 milljónir króna fyrir skatta og/eða 2,3 millj. króna tap eftir útreiknings skatta. Verðbréfun færir upp skattinneign vegna eignar á yfirfæranlegu tapi þar það telur að skattinneignin muni nýtast félaginu til framtíðar.

Heildareignir félagsins lækkuðu um 44,7 milljónir króna á milli ára eða 10,6%. Eigið fé félagsins lækkaði á sama tíma um 2,3 milljónir króna frá fyrra ári eða 27,3%.

Framtíðarhorfur.

Framtíðarhorfur á íbúðalánamarkaði munu skýrast þegar fram í sækir en starfssemi Verðbréfunar hf. fer talsvert eftir því hversu mikið jafnvægi skapast á skuldabréfamarkaði. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri á komandi ári.

Ráðstöfun afkomu.

Tap félagsins er fært til lækkunar á óráðstafað eigið fé

Upplýsingar um ársreikning Verðbréfunar gefur Haukur Agnarsson, framkvæmdastjóri Verðbréfunar í síma 410 7735